

Mál nr. 368/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

### Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmans M, dags. 29. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðar sem var kyrrstæð á gatnamótum þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M hinn 30. janúar 2022. Læknisfræðileg gögn málsins sýna að M leitaði á Læknavaktina daginn eftir áreksturinn og lýsti þar verkjum í mjóðbaki. Einnig kemur fram í slíkum gögnum að M hafi leitað til læknis vegna bakverkja 10. febrúar, 12. apríl og 8. september 2022 og vottorð liggur fyrir um meðferð hjá sjúkrahjálfa vegna bakverkja. Einnig kemur fram í sömu gögnum að M hafi ekki leitað til læknis vegna sambærilegra einkenna fyrir áreksturinn.

M telur sýnt með læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 30. janúar 2022 og hann hafi enn einkenni vegna þess og þannig séu líkur á varanlegu líkamstjóni.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til mynda af bifreiðunum eftir árekstur og að tjón hafi orðið lítið sem og PC-crash skýrslu dags. 22. febrúar 2022 þar sem höggkraftur er metinn vægur. V telur að einkenni M séu algeng án þess að slys hafi komið til og aðrar ástæður geti verið fyrir þeim en áreksturinn. Auk þess hafi M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesti orsakatengsl.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis vegna bakverkja daginn eftir árekstur þar sem ekið var aftan á bifreið sem hann ók hinn 30. janúar 2022. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. M hefur reglulega leitað læknisaðstoðar eftir áreksturinn og fengið tilvísun og sótt sjúkrahjálfunarmedferð vegna einkenna frá baki. Í læknisvottorði kemur auk þess fram að M hafi ekki leitað læknis áður vegna slíkra einkenna. Í ljósi þeirrar samfellu sem hefur verið í læknisvitjunum og meðferð M vegna bakverkja sem og að slík einkenni voru ekki þekkt áður hjá honum, sem og að tæpt ár er liðið frá árekstrinum, verður að telja nokkrar líkur á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna árekstursins og á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, að því marki sem niðurstöður matsgerðar sýna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir